

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



25.09.2019

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 159. mál á 150. löggjafarþingi

Meðferð einkamála (rökstuðningur við málskostnaðarákvarðanir)

Markmið frumvarps þessa er í sjálfu sér einfalt, þ.e. að tryggja að rökstuðningur fylgi ákvörðunum dómara um málskostnað. Hagsmunasamtök heimilanna eru hlynnt því markmiði, en vilja þó benda á að eins og efnisgrein frumvarpsins er orðuð nær hún aðeins til ákvarðana um málskostnað í sumum tilvikum. Í fyrsta lagi þegar málskostnaður er felldur niður vegna þess að máli er vísað frá dómi eða það fellt niður af annarri ástæðu en þeirri að stefndi efni þá skyldu sem hann er krafinn um. Í öðru lagi í þeim tilvikum sem málskostnaður er lækkaður eða hvor aðilinn látinn bera sinn kostnað vegna þess að aðili vinnur mál að nokkru og tapar því að nokkru eða veruleg vafaatriði eru í máli. Í þriðja lagi þegar rekin eru fleiri dómsmál en eitt sem hefði mátt komast hjá með því að sækja kröfur í þeim öllum í einu máli. Að mati samtakanna væri réttara og eðlilegra að allar ákvarðanir um málskostnað yrðu rökstuddar, og er því lagt til að 1. gr. frumvarpsins verði þannig orðuð:

Við 130. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

5. Ákvörðun um málskostnað skal vera rökstudd.

Að þessu gættu eru samtökin almennt fylgjandi meginmarkmiði frumvarpsins.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Allsherjar- og menntamálanefnd

b.t. Klöru Óðinsdóttur.

Reykjavík, 18. maí 2020

Sent með tölvupósti

150. löggjafarþing 2019–2020.

Efni: Mál nr. 159, frumvarp um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 (rökstuðningur málskostnaðarákvarðana).

1. Inngangur.

Þann 5. maí sl. tók undirritaður lögmaður, f.h. laganefndar LMFÍ, þátt í fjarfundi allsherjar- og menntamálanefndar, skv. boðun frá nefndinni sem barst daginn áður, þann 4. maí sl.

Í umræðum um frumvarpið á fjarfundinum gerði undirritaður tvær efnisathugasemdir. Sá fyrirvari var þó hafður á að málið hafði ekki verið tekið til formlegrar umfjöllunar á vettvangi Lögmannafélags Íslands.

Þann 13. maí sl. óskaði allsherjar- og menntamálanefnd eftir því að fá þær athugasemdir sem gerðar voru á fjarfundinum í skriflegri umsögn, frá undirrituðum. Með þessu bréfi er orðið við þeim óskum, en sami fyrirvari er hafður á umfjölluninni og áður.

2. Athugasemdir.

Í *fyrsta lagi*, kom undirritaður þeirri skoðun á framfæri að æskilegt væri að breyta umfjöllun í greinargerð með breytingalögum. Lög um meðferð einkamála væru almenn réttarfarslög í einkamálum og vísað væri í þau víða í sérlögum. Af umfjöllun í greinargerð að dæma mætti hins vegar ætla að um væri að ræða sérlög sem giltu á þröngu sviði, í meiðyrðamálum. Réttast væri að breyta umfjöllunin þannig að fjallað væri almennt um rökstuðning fyrir málskostnaðarákvörðunum í einkamálum.

Í *öðru lagi*, tók undirritaður fram að laganefnd LMFÍ tæki ekki afstöðu til þess að svo stöddu hvort lagabreytingin væri nauðsynleg. Ef ætlunin væri að breyta lögum til að áréttta skyldu dómstóla til rökstuðnings málskostnaðarákvarðana, þá væri e.t.v. rökréttast að breyta orðalagi h. liðar 4. tl. 1. mgr. 114. gr. eml. lítilla. Orðalagi greinarinnar yrði breytt úr „*málskostnað*“ í „*rökstudda niðurstöðu um málskostnað*“. 130. gr. eml. yrði hins vegar látin standa óbreytt.

Undirritaður lagði til að málið yrði skoðað nánar.

Virðingarfyllst,

Geir Gestsson, lögmaður